

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Eyjafjarðarsveit.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar á fundi sínum 18. júní 2026 eftirfarandi deiliskipulag:

Flugskýli Melgerðismelum, deiliskipulag.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir flugskýli á Melgerðismelum. Skipulagssvæðið nær yfir um 1,1 ha svæði til suðurs frá núverandi flugskýli, á milli landingarstaðar og flugvallar fyrir minni flugvélar. Aðkoma akandi að svæðinu er frá Eyjafjarðarbraut vestri. Innan svæðisins er þegar eitt flugskýli á 1.540 m² lóð. Markmið deiliskipulagsins er að skapa skýran ramma fyrir uppbyggingu flugskýla innan skipulagssvæðisins með því að afmarka lóðir, skilgreina byggingarreiti, aðkomu og setja viðeigandi skilmála um mannvirki. Gert er ráð fyrir 5 nýjum lóðum fyrir flugskýli innan skipulagssvæðisins og eru stærðir þeirra 1.200 m². Á skipulagsupprætti eru sýndir byggingarreitir á lóðum og skulu flugskýli byggð innan þeirra. Innan hvers byggingarreits er heimilt að byggja eitt flugskýli sem er að hámarki 6,5 m að hæð. Lágmarksfjarlægð á milli byggingarreita er 10 metrar. Settir eru skilmálar um fjarlægð fyrirhugaðra flugskýla frá flugbraut og gert er ráð fyrir sameiginlegu hreinsivirki fráveitu fyrir öll hús á svæðinu nyrst á skipulagssvæðinu. Áður en til framkvæmda kemur skal gera áhættumat fyrir svæðið m.t.t. brunavatnsþarfar. Ekki verður hafin uppbygging á svæðinu fyrr en ljóst er hvort vatnsöflun sé nægjanlega til slökkvistarfs á svæðinu.

Ofangreind tillaga hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Eyjafjarðarsveitar, 25. ágúst 2026.

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 8. september 2026